

- 24 4. flokkur. Kr. 15.00 fyrir hvert tonn:  
 20. febr. Lýsi, síld, hrogn, kjöt, gærur, beinamjöl og aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
5. flokkur. 30 aurar fyrir hvert teningsfet:  
 Vörur, sem reiknast eftir rúmmáli. Minnsta vörugjald á stykki er þó 200 aurar.
- Hafnarnefnd er heimilt að undanþiggja vörugjaldi innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá staðnum í smáum stíl.

## 7. gr.

32. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra lands, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burt innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim. Gjald fyrir mikið vörumagn má ákveða með samningi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 20. febrúar 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Brynj. Ingólfsson.*

25

28. febr.

## REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Grundarfjörð, nr. 60 5. maí 1944,  
 sbr. reglugerð nr. 118 10. sept. 1959.

## 1. gr.

2. flokkur vörugjaldskrár 37. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð 118 1959, orðist þannig:

Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:

Fiskur upp úr sjó, saltfiskur, frystur fiskur, fiskimjöl, lýsi, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, kaðlar og aðrar útgerðarvörur.

## 2. gr.

13. flokkur í vörugjaldskrá 37. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 118/1959, falli niður.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 28. febrúar 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*